

## AUGLÝSING

## um umferð í Reykjavík.

Samgöngustjóri hefur, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.7 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

- Að tvö bifreiðastæði við Snorrabraut 37 hafi 15 mín. hámarkstíma.
- Að eitt bifreiðastæði við Snorrabraut 37 verði merkt sem vörufhendingarstæði. Stöðvun og lagning ökutækja verði óheimil með undantekningum fyrir vörulosun.
- Að óheimilt verði að leggja ökutæki í austurkanti Sólvallagötu frá gatnamótum við Framnesveg í 15 metra til norðurs.
- Að óheimilt verði að leggja ökutæki í austurkanti Sólvallagötu í 10 metra áður en komið er að gatnamótum Sólvallagötu og Ánanausta.
- Að eitt bifreiðastæði við Skúlagötu 10 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
- Að eitt bifreiðastæði við Seljaveg næst gatnamótum að Nýlendugötu verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Reykjavík, 17. október 2024.

Skrifstofu stjórnsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur,

**Harpa Fönn Sigurjónsdóttir** lögfræðingur.

B-deild – Útgáfudagur: 4. nóvember 2024